

Brosið

Fréttablað Hraunvallaskóla

Mars 2023 1. tbl. 15. árg



Skrifstofa Hraunvallaskóla er opin mánudaga til fimmtudaga frá 7:45 til 16:00 og á föstudögum frá 7:45 til 15:00

Sími skólans er: 590-2800

Síminn í Hraunseli er: 590-2810



Hraunvallaskóli starfar eftir hugmyndafræði opna skólans og er byggingin hönnuð með það í huga. Kennsla er miðuð við að mæta ólíkum þörfum einstaklinga sem setja sér eigin námsmarkmið, læra að skipuleggja nám sitt sjálfir og meta árangur sinn.

Glæsileg upplestrarkeppni Sigurvegararnir keppa í Víðistaðakirkju



Flottur hópur. Steinunn Björk Gunnarsdóttir, Birna Sól Einarssdóttir, Elsa Diljá Lunddal Rúnarsdóttir, Sara Berglind Pálsdóttir, Jón Ellas Óskarsson, Sara Karabin, Soffía Karen Björnsdóttir, Theodór Elvis Ólafsson, Ólöf Natalie Gonzales, Karen Björg Stefnisdóttir, Orri Jóhannsson og Telma Sif Árnadóttir

Það var glæsilegur nemendahópur úr 7. bekk sem tók þátt í Stóru upplestrarkeppninni í Hraunvallaskóla.

Salurinn var þétt setinn af aðstandendum og nemendum í sjötta bekk og öll umgjörð hin glæsilegasta.

Keppendur komu tvisvar sinnum fram og í fyrri umferðinni lásu þeir textabrot úr sögunni Ertu Guð afi eftir Þorgrím

Þráinsson en í þeirri seinni fluttu þeir ljóð eftir mismunandi höfunda.

Flott skemmtiatriði

Á meðan dómnefnd réði ráðum sínum flutti Hildur Arna í 8. bekk ljóð en hún var einn af sigurvegum keppinnar í fyrri. Þar á eftir fengum við tvö tónlistaratriði frá nemendum í 6. bekk:

Stóra upplestrarkeppnin fer fram þann 21. mars í Víðistaðakirkju og við í Hraunvallaskóla getum verið stolt af fulltrúum okkar sem taka munu þátt í lokakeppninni. Krakkarnir höfðu æft sig samviskusamlega alla vikuna undir handleiðslu kennara í miðeild og unglíngadeild og umgjörð úrslitana var öll hin glæsilegasta.



Dómnefndin: Ingibjörg Einarssdóttir, Marsibíl Ólafsdóttir fyrrverandi skólustjóri Hvaleyrarskóla og Guðrún Sturlaugsdóttir fyrrverandi aðstoðarskólustjóri Hraunvallaskóla.

Alsæl með árangurinn. Sigurvegararnir Theodór Elvis Ólafsson, Soffía Karen Björnsdóttir og Sara Karabin

Erasmus heimsókn



Flottur hópur. Steinunn Björk Gunnarsdóttir, Birna Sól Einarsdóttir, Elsa Dilljá Lunddal Rúnarsdóttir, Sara Berglind Pálsdóttir, Jón Elías Óskarsson, Sara Karabin, Soffía Karen Björnsdóttir, Theodor Elvis Ólafsson, Ólöf Natalie Gonzales, Karen Björg Stefnsdóttir, Orri Jóhannsson og Telma Sif Arnadóttir

Í janúar tókum við í Hraunvallaskóla á móti samstarfsskólum okkar frá Póllandi, Finnlandi, Danmörku og Spáni í ERASMUS+ verkefni *Responsible future learners*.

Dagskrá heimsóknarinnar var fjölbreytt en lögð var áhersla á virkni og þátttöku okkar erlendu gesta í daglegu skólastarfi auk þess sem tækifæri gafst til að skipuleggja og


slípa til áherslur í verkefni sem eru læsi, lífsleikni, lýðræði og upplýsingatækni.

Heimsókn á Bessastaði

Eins og sjá má á meðfylgjandi myndum var mikið stuð í heimsókninni og nemendur tóku vel á móti þessum alþjóðlega kennarahópi. Eins og góðum gestgjöfum sæmir þá var einnig nauðsynlegt að kynna fyrir þeim

Íslenska siði, menningu og náttúru. Því var boðið upp á þorrasmakk, sýninguna *Wonders of Iceland*.

Rúsínan í pylsuendanum var heimsókn á Bessastaði þar sem Guðni Jóhannesson, forseti Íslands, tók á móti okkur og fræddi af sinni alkunnu sníll.



Flottur hópur. Steinunn Björk Gunnarsdóttir, Birna Sól Einarsdóttir, Elsa Dilljá Lunddal Rúnarsdóttir, Sara Berglind Pálsdóttir, Jón Elías Óskarsson, Sara Karabin, Soffía Karen Björnsdóttir, Theodor Elvis Ólafsson, Ólöf Natalie Gonzales, Karen Björg Stefnsdóttir, Orri Jóhannsson og Telma Sif Arnadóttir

Kisi í vandræðum!

Verkefni skólastjóra eru fjölbreytt og stundum óvenjuleg. Líkt og þegar kallað var á Lars í miklu vatnsveðri eftir áramót til að ræða við kött sem laumast hafði inn á fundarherbergi skólans. Kötturinn hafði greinilega leitað sér skjóls undan leiðin-

darveðrinu og fékk að hvíla sig inn í fundarherbergi meðan skólastjórinn fór út í leit að niðurfalli. Það fannst á endanum svo hægt var að hleypa niður leysingarvatninu skólans og kisa komst heim til sín— eflaust fegin að vera búin í skólanum.



Mikið um að vera. Lars skólastjóri ásamt kettinum og vatnselgur á planinu.



Alþingismenn framtíðarinnar

Nemendur í 10. bekk fengu að kynna starfsháttum Alþingis á skólaþingi. Þar setja nemendur sig í spor þingmanna með því að leiða fyrir fram ákveðin málefni sem fyrir þá eru lögð til lykta á þingflokksfundum, nefndarfundum og þingfundum. Jafnframt hlusta þeir á og meta rök sérfræðinga sem kallaðir eru til til að veita þingmönnum ráðgjöf. Þannig er ætlunin að veita innsýn í sambandið milli atburða í samfélaginu, skoðanamyndunar, pólitískra ákvarðana og starfa Alþingis og sýna áhrif almennings, sérfræðinga, fjölmiðla og hagsmunaaðila á löggjafarstarfið. Nemendur eiga að komast að lýðræðislegri niðurstöðu með því að hlusta á og meta rök og álit annarra og skiptast á skoðunum.



Nemendur úr 10. ÓS á skólaþingi. Helena, Ísabel, Heiðrún, Karítas, Júlía og Elías. Mynd tv. Karítas í pontu.

Árshátíðin nálgast...

Einn af vorboðunum í unglingsdeild er árshátíðin sem haldin er í lok apríl ár hvert. Hefð er fyrir því að unglingarnir taki upp árshátíðarmyndband þar sem árið er gert upp og brugðið á leik. Á dögnum mætti þessi sjón Kristínu Jónsdóttur enskukennara þegar hún kom út á bílaplan. Búið var að „plasta“ bílinn og beið hópur krakka úr 10. bekk eftir Kristínu sem brosti nú bara að uppátækinu enda höfðu nemendurnir haft nokkuð mikið fyrir „hreknum“.



Hressir krakkar. Þessi „hrekur“ endar vafalaust í árshátíðarmyndbandinu.

Geggjuð grunnskólahátíð




Herra Hnetusmjör. Sló í gegn á grunnskólahátíðinni.

Í febrúar fór fram hin sívinsæla Grunnskólahátíð Hafnarfjarðar 15. febrúar 2023. Grunnskólahátíðin er hefð þar sem allar félagsmiðstöðvar í Hafnarfirði standa að dansleik fyrir alla nemendur á unglingastigi. Hátíðin hefur síðast liðin ár verið haldin í íþróttahúsinu Strandgötu og eru rúmlega 800 ungmenni sem koma til að skemmta sér.

Ungmennin völdu Pál Óskar

Seinustu mánuði hefur valinn hópur



Tveir góðir. Nemendur skemmtu sér konunglega á hátíðinni.

deildar- og aðstoðardeildarstjóra félagsmiðstöðvanna ásamt fulltrúum ungmenna í Hafnarfirði undirbúið Grunnskólahátíðina. Ungmennin sjá um val á tónlistarfólki, auglýsa viðburðinn, auk skipulagningu og framkvæmd. Við þessa vinnu nýtur þessi hópur einnig stuðnings annara deildar- og aðstoðardeildarstjóra félagsmiðstöðvanna auk starfsfólks þeirra.

Tropical þema

Í ár var þema hátíðarinnar Tropical og kepptu grunnskólarnir í skreytingakeppni. Að þessu sinni var það Áslandsskóli sem var sigurvegari í skreytingakeppninni.

Ballíð fór vel fram og margar upprennandi stjórnur stigu á stökk!

Flott skemmtiatriði

Kynnar kvöldsins voru Emilía Ósk Grétarsdóttir og Ísak Gunnarsson úr Áslandsskóla, Greipur Ásmundarson

úr Lækjarskóla, Hildur Hólmfríður Prastardóttir úr NÚ og Brynja Eik Steinsdóttir úr Skarðshlíðarskóla og héldu þau frábærlega utan um að kynna stjórnur kvöldsins og peppa upp stemninguna.

Stuð að eilífu

Það var Davíð Pétursson úr Setbergsskóla eða DJ David sem byrjaði að hita upp, næst á svið var svo hópurinn DÍ Jay Guðríður en í honum eru Halldór Ingi Auðunsson úr Hraunvalla-skóla, Bjarki Már Ingvarsson úr Hval-eyrarskóla, Sigurður Bjarni Árnason og Dagur Máni Daðason úr Öldutúnskóla, því næst steig Herra Hnetusmjör á svið, Ragnar Kári Kristjánsson eða DJ Raggii passaði svo að halda uppi stemningunni þangað til að aðal stjarna kvöldsins steig loks á svið, enginn annar en Páll Óskar. Páll Óskar hélt uppi stuðinu alveg fram á loka mínútu.

Gull og glamúr í hönnunarkeppni



Höpurinn saman. Marija, Roksana, Aníta og Oliwia. Þær eru í 8. og 9. bekk.

Lokaundirbúningur. Mikill metnaður var í að allt tækist vel.

Nemendur í unglingsdeild tóku þátt í hönnunarkeppninni Stíll. Þemað var „golden glamour“ eða „gull og glamúr“ og hönnuðu þessar flottu stelpur glæsilegan gullinn kjól sem var sýndur á tískusýningu á

sjálfri keppninni. Nemendur unnu þetta verkefni utan skóla og lögðu mikinn metnað í samvinnu og sköpun og voru auðvitað skólanum til sóma. Hér að neðan er yfirlit um dagskrána sem framundan er í Mosanum.

DAGSKRÁ MOSANS Í MARS UNGLINGADEILD KL. 19:30 – 22:00			DAGSKRÁ MOSANS Í MARS MIÐDEILD KL. 17:00 – 18:30		
MÁNUDAGUR	MIÐVIKUDAGUR	FÖSTUDAGUR	MÁNUDAGUR	MIÐVIKUDAGUR	FÖSTUDAGUR
1	Pógóstopp dans 1	Staffið ræður 3	6	Handstöðu keppni 1	STÖRUKÉPPNI 3
6	HIDE & SEEK 8	BIÓ OG POPP 10	Poolmót 6	LIMBÓ 8	HIDE & SEEK 10
13	Söngkeppni HFJ 15	VARÚLFUR 17	Kókoskúlugerð 13	Skutlu keppni 15	Opið hús 17
BESTI VINUR MOSANS 20	Eðlukvöld 22	Frumsýning á Söngvaseiður 24	HIP SYNE BATTLE 20	Actionary 22	LOKAÐ Frumsýning á Söngvaseiður 24
HLAUPTU Á SVARID 27	FIFA mót 29	Chubby Bunny 31	Mission impossible 27	Morgunmatar kvöld 29	Kahoot! 31

Sterkar kvenpersónur

Kvikmyndarýni um Útlagann - Gísla sögu Súrssonar



Nemendur í 10. bekk lásu Gísla sögu Súrssonar og horfðu svo á myndina Útlagann í vetur. Eitt af verkefnum var að skrifa kvikmyndarýni um myndina. Brosið fékk góðfúslegt leyfi Heiðrúnar til að birta rýni hennar í blaðinu.



Heiðrún Vala Hilmarsdóttir skrifar:

Eftir að hafa lesið Gísla sögu Súrssonar, vitandi að til væri kvikmynd sem framleidd var á síðustu öld, efaðist ég satt að segja um að leikaramir hafi getað túlkað persónur fornar sögunnar á sannfærandi hátt. Persónur eru með sterkar tilfinningar sem

erfitt er að túlka og skoðanir sem erfitt er að tengja við sem einstaklingar í nútímasamfélagi. En Útlaginn kom mér skemmtilega á óvart, þó sumt hafi mátt bæta að mínu mati.

Mörgu sleppt

Það sem ég rak augun samstundis í þegar ég kveikti á myndinni var að nánast öllum fyrri helmingi bókarinnar var sleppt. Það þykir mér þó hafa verið góð ákvörðun þar sem forsaga persónanna og forfedra þeirra í Noregi hefði ekki gripið áhuga áhorfenda eins og upphaf myndarinnar greip mig. Flétta myndarinnar hefst því strax á fyrstu mínútum þegar Þorgrímur neitar að bindast Vésteini fóstbræðraböndum. Fannst mér þetta atriði vel heppnað og er það snilligáfu Benedikts Sigurðarsonar að þakka.

Sögusvið myndarinnar, sem er auðvitað Vestfirðir eins og í bókinni, þótti mér vera stór hluti hennar og ákveðin atriði vera nokkurs konar óður til íslenskrar náttúru. Náttúra landsins var auðvitað upp á sitt besta við landnám og finnst mér náttúrufegurð myndarinnar vera stórkostleg. Sögusviðið var nokkurn veginn eins og ég ímyndaði mér við lestur bókarinnar.

Mikil áhersla á kvenpersónur

Persónur eru svo til eins í kvikmyndinni og

bókinni og tilfinningar þeirra finnst mér hafa verið túlkaðar afar vel. Sérstaklega finnst mér hafa verið lögð áhersla á konurnar í kvikmyndinni, en túlkun persónanna Þórdísar, Auðar og Ásgerðar finnst mér hafa verið til fyrirmyndar. Skjátími persónanna var að mér sýndist töluvert meiri en umfjöllun um þær í bókinni. Það þykir mér ákaflega skemmtilegt, enda eru þessar persónur mjög áhugaverðar.

Þar sem einhverjum atburðum bókarinnar var sleppt í myndinni vantaði líka nokkrar persónur, t.d. Austmennina, Skegg-Bjálfa, Sigurð og Auðbjörgu. Hafði það þó ekki mikil áhrif á gang sögunnar, en mér þóttu þessir kaflar óþarfir hvort eð er. Þeir atburðir sem vantaði í myndina voru m.a. kaflar 7 og 8 í heild sinni, samræður Þorkels og Gísla eftir útför Vésteins og allur sá hluti 18. kafla sem

sýnir að leikum Gísla, Þorsteins, Barkar og Þorkels og göldrum Auðbjargar. Þeim fjölmörgu vísum sem Gísli yrkir er einnig sleppt og heyrir Þórdís hann t.d. aldrei fara með vísu þar sem hann játar að hafa myrt Þorgrím, heldur dregur hún þá ályktun að hann sé morðinginn af því að hann drepur Þorgrím nef.

Bókin ekki eins og myndin

Í kvikmyndinni var nokkrum atburðum breytt og atriðum hreinlega bætt við. Draumum Gísla er oftast lýst ítarlega í bókinni en í kvikmyndinni sjáum við drálganornir spinna vef og svo brot úr draumunum. Sýnir þetta okkur að draumar Gísla séu forspár, en það er sagt í bókinni. Því er bætt við að Auður segi: „Gefðu honum nóg,“ þegar Gísli segist ætla að gefa hesti Þorkels auðga, en það gefur í


skyn að hún viti hverjar raunverulegar áætlanir hans eru. Einnig segir Þórdís við Gísla að hann sé „alltaf sami grjótkastarinn“ við útför Þorgríms, eins og hún viti að hann sé morðinginn. Fjölmörgum öðrum atriðum er breytt og má þar nefna það þegar synir Vésteins drepa Þorkel, en í kvikmyndinni þykjast þeir vera stúlkur.

Niðurstaða

Mér fannst takast ágætlega að koma bókinni til skila í kvikmyndinni. Sumt væri nokkuð erfitt að skilja fyrir einhvern sem hefði ekki lesið bókina þar sem nokkuð mikilvægum upplýsingum var sleppt, t.d. að Gísli hafi drepið vin Þorkels og að það hafi haft slæm áhrif á samband þeirra.

Þótt kvikmyndin sé góð á margan hátt þykir mér bókin betri, en hún lýsir atburðum betur að mínu mati og kemur meiru til skila.

„Útlaginn kom mér skemmtilega á óvart,“ segir kvikmyndagagnrýnandinn Heiðrún Vala Hilmarsdóttir



„Mikið þroskaferli“

Nemendur í Hraunvallaskóla frumsýna söngleik í mars.



Hópur nemenda í unglingadeild vinnur nú hörðum höndum að því að koma söngleiknum fræga Sound of Music á svið. Eins og alltaf í leikhúsinu gengur ýmislegt á „bak við tjöldin“ og Brosið heyrði í Anítu Ómarsdóttur, öðrum leikstjóra verksins.

Undanfarin ár hefur alltaf verið settur upp söngleikur í söngleikjaval og þetta er sannarlega einn af hápunktum ársins,“ segir Aníta sem kennir leiklist við skólann og hefur leikstýrt söngleikjunum ásamt Þórunni Jónsdóttur tónmenntarkennara. „Í ár völdu nemendurnir að setja upp Söngvaseið—Sound of Music en okkur finnst mikilvægt að valið á verkinu sé í höndum nemenda. Í fyrra varð Bugsy Malone fyrir valinu og Mamma Mia árið á undan.“

Erfitt ferli

Aníta segir alltaf ýmislegt ganga á í leikhúsinu. Fyrsta hindrunin var sú að aðeins níu krakkar byrjuðu í söngleiknum. „Krakkarnir voru hins vegar mjög duglegir að fá fleiri inn í verkefnið svo við ákváðum bara að kýla á þetta og hefja æfingar,“ segir Aníta.“

Enn voru þó einhverjar hindranir á veginum. „Já, það gekk talsvert brösulega að halda krökkunum í valinu sökum annarra anna hjá þeim - eins og íþróttaiðkun og vinnu,“ segir Aníta og bætir við að á tímabili hafi verið orðið

tvísýnt um hvort haldið yrði áfram með verkefnið eða ekki.

Þeir nemendur sem héldu áfram þurftu að taka á sig mikla ábyrgð og gríðarlega vinnu,“ segir Aníta. „Það gerðu þeir svo sannarlega og við erum stolt og ánægð með að sýningin er nú



Þórunn og Aníta leikstjóra og eru draumateymi.

að taka á sig lokamynd og við stefnum á að sýna fyrir fullu húsi hérna í Hraunvallaskóla þann 24. og 25. mars.“

Mikið lærdómsferli

En af hverju að setja upp leiksýningu? Er ekki nóg að læra bara í tímum og skila heimavinnunni á réttum tíma?

„Nemendur læra svo ótrúlega margt af svona ferli. Það er mikilvægt að skapa traust og góðan anda í hópnum. Það reynir svo sannarlega á kjörorð skólans um samvinnu, ábyrgð og vináttu,“ segir Aníta.

Hún segir jafnframt mikilvægt að allir leggi sig fram bæði nemendur og kennarar. „Já, samvinna kennara er mjög mikilvæg og ég er svo heppinn að hafa Þórunni tónmenntakennara mér við. Ætli það megi ekki segja að við séum draumateymi!“

Allir að mæta

Aníta hvetur alla til að koma og sjá sýninguna. „Þessi sýning er fyrir alla sem vilja koma og hafa gaman. Það er söngur, dans og leikur og ættu því allir með viti að geta notið.“

Miðasala er í Mosanum og á skrifstofu skólans. 2000 kr. fyrir fullorðna en 1500 kr. f. 12 ára og yngri.



Myndir úr fyrri sýningunum í Hraunvallaskóla—Bugsy Malone og Mamma Mia.

Líf og fjör í leikskóla



Bónda- og konudagskaffi í leikskólanum

Sú hefð hefur skapast í leikskólanum að bjóða feðrum og öfum í bóndadagskaffi og mæðrum og ömmu í konudagskaffi í tengslum við bónda- og konudaginn. Tilgangurinn með þessum opnu húsum er að veita foreldrum og fjölskyldum barnanna meiri innsýn í starf leikskólans og styrkja samvinnu og tengsl heimilis og skóla. Slíkar heimsóknir veita bæði foreldrum og starfsfólki leikskólans tækifæri til að kynnast betur og styrkja tengslin.

Dagur leikskólans haldinn hátíðlegur

Sjötta febrúar ár hvert er dagur leikskólans haldinn hátíðlegur, því á þessum degi árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtök sín. Markmiðið með Degi leikskólans er að stuðla að jákvæðri umræðu um leikskólastarf og um leið beina athygli samfélagsins að því faglega og metnaðarfulla starfi sem innt er af hendi í leikskólum landsins á degi hverjum.

Við í Hraunvallaleikskóla héldum daginn hátíðlegan og gerðum starf okkar sýnilegra með því að fara með elstu þrjár

deildarnar og syngja leikskólalög fyrir nemendur í 1. bekk og 6. bekk í grunnskólanum. Börnin ung sem smá sameinuðust í söng og gleði. Börnin á yngri þremur deildum voru með hátíðarsöngfund í sal leikskólans.

Öskudagurinn í leikskólanum

Í leikskólanum var mikil gleði og glens á öskudaginn. Við vorum með öskudagsballi í salnum okkar og slógum þar köttinn úr tunnunni og dönsuðum. Börnin fengum óvæntan glaðning og svo var pylsupartý í hádeginu.



„Símanúar“ í 8. bekk



Í vetur hafa nokkrir árgangar í Hraunvalla-skóla gert tilraunir með símalausa mánuði. 8. bekkur prufaði að vera án síma í janúar og í þessari grein lýsir Símon Birgisson, einn af umsjónarkennurum árgangsins, reynslu sinni af þessari tilraun.



Krakkar í síma á skólalóð. Myndin er af netinu.

Nú í janúar gerðum við í Hraunvalla-skóla tilraun með að banna alfarið snjallsíma hjá 8. bekk í skólanum. Þessi tilraun var að frumkvæði foreldra sem tjáðu vilja sinn að harðar yrði tekið á símamálum á opnum foreldrafundi. Eftir að krakkarnir mættu í skólann eftir áramót voru símar hvernig leyfðir í skólanum eða skólalóðinni.

Skiptar skoðanir

Margt jákvætt kom í ljós í þessum mánuði og það var gaman að sjá krakkana sitja saman í frímínútum og spila, tefla eða lesa bækur. Í raun varð ákveðin skákbylting og hefur sá áhugi viðhaldist nú í febrúar þó símarnir séu komnir aftur.

Erfitt eftirlit

Vandamálið með svona símabann er yfirleitt tengt eftirlitshlutverkinu. Það finnst engum gaman að eltast við krakka og fara fram á að þau afhendi rándýr símtæki. Einhverjir árekstrar

komu upp en nánast alltaf leystust málin á farsælan hátt.

Jákvætt og neikvætt

Í lok mánaðarins spurðum við krakkana út í þeirra upplifun. Flest voru á því að svona allsherjar símabann væri ekki nauðsynlegt — en þau gátu hins vegar alveg bent á ýmis jákvæð áhrif bannsins. Einn nemandi sagðist til dæmis hafa „séð umhverfi sitt betur“. Inntur eftir því hvað hann ætti við útskýrði nemandinn að hann hefði einfaldlega séð fleiri hluti og manneskjur á þessum mánuði heldur en áður!

Framhaldið

Nú þegar hafa nokkrir árgangar gert tilraunir með símalausa mánuði í vetur í Hraunvallaskóla. Þessi reynsla mun eflaust nýtast foreldrum og skólanum vel þegar kemur að því að móta stefnu til framtíðar.

Hvað segja nemendurnir?

Jákvætt...

Það voru margir að tefla á bókasafninu.

Betri félagsskapur.

Talaði við fleiri en áður.

Neikvætt...

Að mega ekki vera í símanum í mat/eyðu/frímínútum

Geta ekki fengið símann aftur fyrr en í lok skóladags.

Hvað getum við bætt?

Hafa fleiri klukkur og stundatöflur bekkja sýnilegar í skólanum.

Spurningaliðið stóð sig vel



Lið Hraunvallaskóla. Kristófer Jón, Heiðrún og Kristófer Kári.

Sigurlið Víðistaðaskóla. Úrslitin voru í Bæjarbíói.

Hraunvallaskóli tók þátt í spurningakeppni grunnskóla Hafnarfjarðar sem nefnist Veistu svarið. Þjálfari og liðsstjóri var Bjarni Þórarinn Hallfreðsson stærðfræðikennari en liðið var skipað hressum nemendum úr 10. bekk.

Síðustu ár hafa forkeppnir farið fram í skólunum en nú var sá háttur hafður á að allir skólarnir níu mættust á sama tíma og fjórir komust svo í úrslit. Hraunvallaskóli var nálægt því að komast áfram en herslumuninn

vantaði og það voru Setbergsskóli, Lækjarskóli, Víðistaðaskóli og Öldutúnsskóli sem kepptu til úrslita í Bæjarbíói þar sem Víðistaðaskóli stóð á endanum uppi sem sigurvegari.

Vaxtarhugarfar í 4. bekk



Skemmtileg kennsla. Björg Kristín ásamt hópi nemenda.

Í fjórða bekk í vetur hefur farið fram kennsla í vaxtarhugarfari. Björg Kristín Ragnarsdóttir hefur skipulagt tímana.

Jákvæðni virkar

Hugmyndafræðin byggir á því að viðhorf sem miðar að því að með því að leggja

síðustu ár hafa forkeppnir farið fram í skólunum en nú var sá háttur hafður á að allir skólarnir níu mættust á sama tíma og fjórir komust svo í úrslit. Hraunvallaskóli var nálægt því að komast áfram en herslumuninn

Andstæða vaxtarhugarfars er fastmótað hugarfar eða viðhorf sem felur í sér að hafa ekki trú á eigin getu eða möguleika á árangri og því sé ekki ástæða til að leggja sig fram við það.


Eins og sjá má á myndunum er kennslan fjölbreytt og skemmtileg.

Sköpunarkrafturinn blómstrar



Það er alltaf gaman að fylgjast með listamönnum fram-
tíðarinnar í Hraunvallaskóla glíma við nýjar áskoranir. Hér
sjáum við nokkur verk nemenda í 5. bekk sem hafa verið að
læra að teikna grunnformin eftir fyrirmynd. Þau skoða
skuggana, bæði skuggana á formunum og skuggana sem
falla af þeim og bæta þeim við. Í framhaldinu teikna þau eftir
uppstillingu og skyggja. Í þetta eru notaðar pastelkrítar og
kol.

**Eru allir hvattir til að kynna sér verk þessa framtíðar
listasnillinga sem eru til sýnis í skólanum.**



Formin eru margskonar—bæði í myndlistinu og lífinu sjálfu.



Unglingadeild Hraunvallaskóla kynnir
söngleikinn

Söngvaseiðin

24. mars kl:19:30

25. mars kl:13:00 og 16:00

Sýnt í Hraunvallaskóla

Miðasala í félagsmiðstöðinni Mosanum og á
skrifstofu skólans

Miðaverð 1500 kr. fyrir 12 ára og yngri
2000 kr. fyrir fullorðna

Leikstjórar; Aníta Ómarsdóttir og
Þórunn Jónsdóttir

Brosið

Fréttablað Hraunvallaskóla

Drekavöllum 9

221 Hafnarfjörður

Ritstjóri: Símon Örn Birgisson

Ábyrgðarmenn: Lars Jóhann Imsland og Guðbjörg Hjaltadóttir

www.hraunvallaskoli.is

www.leikskolinn.is/hraunvallaskoli

www.mosinn.is

